

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rithöfundasjóð Ríkisútvarpsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Rithöfundasjóður Ríkisútvarpsins. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita íslenskum rithöfundum viðurkenningu fyrir ritstörf.

3. gr.

Sjóðurinn var stofnaður 26. september 1956 með framlagi Ríkisútvarpsins kr. 120.000,00 og fé styrktar- og minningarsjóðs er stofnaður var 21. febrúar 1952, kr. 232.371,65 samtals kr. 352.371,65. Stofnfé sjóðsins telst vera 550 þús. kr. Eign sjóðsins var í árslok 1995 kr. 1.638.257,00.

Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag Ríkisútvarpsins skv. samningi við Rithöfundasamband Íslands, vextir af innstæðu sjóðsins, höfundalaun sem Ríkisútvarpinu ber að greiða höfundum skv. samningi, en höfundar finnast ekki að og frjáls framlög hverju nafni sem nefnast.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða með öðrum hætti sem stjórn sjóðsins telur jafn tryggilegan. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu hans.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins eiga sæti fimm menn, einn skipaður af menntamálaráðherra og er hann formaður, tveir af Ríkisútvarpinu og tveir af Rithöfundasambandi Íslands. Ríkisútvarpið og Rithöfundasamband Íslands koma sér hverju sinni saman um endurnýjun sinna fulltrúa innan stjórnarinnar. Fulltrúi menntamálaráðherra skal skipaður til fjögurra ára í senn.

6. gr.

Viðurkenningu skal veita einum rithöfundum eða tveimur, 31. desember ár hvert. Stjórn sjóðsins veitir viðurkenninguna.

7. gr.

Sjóðurinn skal hafa sérstakt reikningshald en reikningsár hans er almanaksárið.

8. gr.

Ársreikning sjóðsins skal endurskoða af endurskoðendum Ríkisútvarpsins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta verði um það samkomulag milli Ríkisútvarpsins og Rithöfundasambands Íslands, enda verði slík breyting einnig samþykkt af menntamálaráðherra.

10. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki Ríkisútvarpsins og Rithöfundasambands Íslands og einhuga samþykki stjórnar. Ef sjóðurinn er lagður niður skulu eigur hans renna til Rithöfundasambands Íslands. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum sem kunna að verða á henni, sbr. 9. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. desember 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 17. desember 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 1994 - 2014, sem staðfest var 19. maí 1994.

Breytt er landnotkun meðfram Suðurlandsvegi sunnan Sunnumerkur og á lóðunum Austurmörk 18 og 20 úr iðnaðarsvæði í blandaða landnotkun iðnaðar- og verslunar/þjónustu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.